

Fundargerð stjórnar BÍS 14/2012.

miðvikudaginn 23. maí 2012 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Fjarverandi:

Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt.
3. Starfsyfirlit skrifstofu, fundargerðir Úlfjótswatnsráðs, mótsstjórnar Landsmóts skáta og stjórnar Æskulýðsvettvangsins lágu frammi.
4. Umræða 1:
 - a. Skátaaðferðin, áfanga- og lokamarkmið: Samstaða um að halda þessu verki áfram á sömu braut.
 - b. Tillaga um stofnun vinnuhóps um róverskátastarf: JIB lagði fra tillögu byggða á samþykkt Skátaþings 2012. Samþykkt. JIB kallar hópinn saman.
 - c. Tillaga um stofnun vinnuhóps um rekka- og róverskátastarf: JIB og BAÁ lögðu fram tillögu. Samþykkt. JIB kallar hópinn saman.
 - d. Leiðangursmerki BÍS: JIB falið að leiða þessa vinnu áfram.
5. Umræða 2
 - a. World Scout Moot 2017: Umræðu frestað.
6. Afgreiðslumál:
 - a. Afmælisár, nýr verkefnahópur: HS kynnti tillögu að stofnun vinnuhóps um afmælisýningu í Ljósafossvirkjun. Samþykkt.
 - b. Úlfjótswatn
 - i. Lokadrög að eignaskiptasamningi við SÍ og SSR: HS kynnti. Samþykkt. ÓP mun undirrita samninginn fyrir hönd BÍS.
 - ii. Hollvinir Úlfjótswatns: ÓP kynnti vinnu við undirbúning að stofnun Hollvina Úlfjótswatns.
 - c. Landsmót 2014: Frestað.
 - d. Starfsmannamál
 - i. Nýir starfsmenn: HS kynnti að ráðnir hafi verið tveir starfsmenn sem koma til starfa í sumar og í haust. Guðrún Snorradóttir og Ingibjörg Hannesdóttir hafa verið ráðar til að sinna verkefnastjórn á sviði fræðslu, fullorðinna og dagskrár.
 - e. Norræna skátaþingið: Þingið var haldið 17.-20.maí í Turku í Finnlandi og gekk vel. Ísland tók við formennsku í Norrænu samstarfsnefndinni og mun sinna því verkefni um þriggja ára skeið frá næstu áramótum. Margt fróðlegt kom fram á þinginu um starfsemi skáta á norðurlöndum.
 - f. Almannaheill: Aðalfundur samtakanna verður haldinn 14.júní n.k. HS falið að kanna mögulegt framboð til stjórnar.

Fleira ekki rætt

Fundi slitið kl. 20:00

Fundargerð ritaði JA